

Fundur í stjórn UÍA 12.6.2018

Haldinn á skrifstofu, Egilsstöðum. Fundur settur 18:39

Mætt: Gunnar Gunnarsson (GG), Benedikt Jónsson (BJ), Þórir Steinn Valgeirsson (ÞSV) Jósef Auðunn Friðriksson (JAK) Pálína Margeirsdóttir (PG) Guðbjörg Agnarsdóttir (GA)

Starfsmaður: Gunnar Gunnarsson (Gassi)

### 1. Síðasta fundargerð

Fundargerð frá 16. Maí. Hún er leiðrétt smávægilega og samþykkt.

### 2. Skýrsla skrifstofu

Farandþjálfun: 5 staðir hafa óskað eftir farandþjálfun. Hefur gengið nokkuð vel og þátttaka verið þokkaleg.

Launaflsbíkarinn: 7 Félög skráð sig til leiks. Búið að endurnýja samning við Launafl til þriggja ára.

Kraftur/Perlun: Forsvarsmenn Krafts virkilega ánægð með hvernig þetta gekk.

### 3. Sumarhátíð

Vinna er hafin við skipulagningu. Verið er að negla niður greinastjóra. Hátíðin verður 6-8 Júlí. Síldarvinnslan verður aðal styrktaraðili hátíðarinnar 2018. Gunnar og Gassi munu funda.

### 4. MÍ 11-14 ára

Verður á Egilsstöðum 22-24. Júní. Undirbúningur gengur vel.

### 5. Landsmót UMFÍ

### 6. Tour de ormurinn

Búið að staðfesta dagsetningu þann 11. Ágúst. Framkvæmdarstjóra falið að kanna kostnað við að setja upp skráningarkerfi og greiðslufyrirkomulag hann mun svo bera það undir stjórn sem tekur endanlega ákvörðun. Huga þarf að kostun. Koma umræðu af stað um mótið og láta hjólasamfélagið vita að við verðum klár með flotta keppni.

### 7. Fjármál

Unnið er að því að koma sjóðum sambandsins í betri ávöxtun.

### 8. Önnur mál

90. ára afmæli súlunnar.

Fundi slitið 20:08

BJ ritaði fundargerð